

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
151. löggjafarþing 2020–1  
Þingskjal 772 – 453. mál

Reykjavík, 9. mars 2021

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við afneitun helfararinnar).**

Morð, hvort sem það er þjóðarmorð eða annars konar, er nú þegar ólöglegt samkvæmt hegningarlögum. Einnig er lagt bann við því að hvetja aðra til að fremja morð og koma af stað uppþlaupi í því skyni að beita menn ofbeldi. Greinargerð frumvarpsins sýnir ekki með sannfærandi hætti hvernig skoðanir á einum tilteknum atburði í mannkynssögunni geta ógnað *allsherjarreglu*, frekar en skoðanir á öðrum atburðum mannkynssögunnar. Þar að auki sýnir hún ekki með sannfærandi hætti hvernig því er ætlað að vernda *réttindi* eða *mannorð annarra* né hví *réttindi* og *mannorð* eins trúarhóps þarfnist verndar umfram aðra.

Helförin svokallaða er bara ein af fjölmörgum þjóðarmorðum sem framin hafa verið í stuttri sögu mannkynsins. Hún er hvorki sú mannskæðasta né sú nýlegasta. Það sem helst gerir hana alræmda og áhugaverðuga í augum okkar Vesturlandabúa er að brotþolar voru eins eða svipaðir og við í máli, menningu og hörundslit. Enginn grætur þeirra tugi milljóna sem fórust þegar Mongólar réðust inn í Evrasíu á 13. og 14. öld. Engum þykir ástæða til þess að lögvernda sagnfræðilegar staðreyndir um þjóðarmorðið í Kambódíu (1975–9) þar sem brotþolar voru svipað margir og í Póllandi við innrás og hernám nasista (að gyðingum frátöldum).

Umsagnaraðili fær ekki séð að lögverndun sannleikans né staðreynda sé nokkurn tímann réttlæt看leg gagnvart tjáningarfrelsinu né að hún skili árangri í baráttu við hatursglæpi. Nær væri að leggja bann við að draga úr mannlegu virði viðkvæmra hópa frekar en að tíunda sagnfræðilegar staðreyndir, valdar af tilfinningalegum ástæðum, sem ekki má véfengja. Leggja þarf meira upp úr því að kenna gagnrýna hugsun frá barnsaldri til þess að stemma stigu við útbreiðslu falsfrétta og óréttmætra samsæriskenninga. Hátt menntastig og hugsandi kjósendur eru sú stoð sem mun viðhalda lýðræðinu og lýðveldinu um ókomna tíð.

Virðingarfyllst,  
Stefán Örvar Sigmundsson